

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

MIRCERA 30 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
MIRCERA 50 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
MIRCERA 75 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
MIRCERA 100 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
MIRCERA 120 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
MIRCERA 150 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
MIRCERA 200 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
MIRCERA 250 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
MIRCERA 360 mÍkrógrömm/0,6 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

2. INNIHALDSLÝSING

MIRCERA 30 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Ein áfyllt sprauta inniheldur 30 mÍkrógrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta* í styrkleikanum 100 mÍkrógrömm/ml.

MIRCERA 50 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Ein áfyllt sprauta inniheldur 50 mÍkrógrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta* í styrkleikanum 167 mÍkrógrömm/ml.

MIRCERA 75 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Ein áfyllt sprauta inniheldur 75 mÍkrógrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta* í styrkleikanum 250 mÍkrógrömm/ml.

MIRCERA 100 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Ein áfyllt sprauta inniheldur 100 mÍkrógrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta* í styrkleikanum 333 mÍkrógrömm/ml.

MIRCERA 120 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Ein áfyllt sprauta inniheldur 120 mÍkrógrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta* í styrkleikanum 400 mÍkrógrömm/ml.

MIRCERA 150 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Ein áfyllt sprauta inniheldur 150 mÍkrógrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta* í styrkleikanum 500 mÍkrógrömm/ml.

MIRCERA 200 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Ein áfyllt sprauta inniheldur 200 mÍkrógrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta* í styrkleikanum 667 mÍkrógrömm/ml.

MIRCERA 250 mÍkrógrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Ein áfyllt sprauta inniheldur 250 mÍkrógrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta* í styrkleikanum 833 mÍkrógrömm/ml.

MIRCERA 360 mÍkrógrömm/0,6 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu

Ein áfyllt sprauta inniheldur 360 mÍkrógrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta* í styrkleikanum 600 mÍkrógrömm/ml.

Styrkleikinn gefur til kynna magn próteinhlutans í metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta sameindinni án tillits til glýkósýleringar.

* samgild afleiða próteins sem er framleitt með raðbrigða DNA tækni í CHO (Chinese Hamster Ovarian) frumulínu og samtengt línulegri metoxýpólýetýlenglýkól (PEG) keðju.

Virgni metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta á ekki að bera saman við önnur prótein af sama lyfjaflokki, hvort sem þau eru pegýleruð eða ekki. Sjá nánari upplýsingar í kafla 5.1.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn í áfylltri sprautu (inndæling).
Lausnin er tær og litlaus eða aðeins gulleit.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Meðferð við einkennabundnu blóðleysi í tengslum við langvinnan nýrnasjúkdóm (CKD, chronic kidney disease) hjá fullorðnum sjúklingum (sjá kafla 5.1).

Meðferð við einkennabundnu blóðleysi í tengslum við langvinnan nýrnasjúkdóm (CKD, chronic kidney disease) hjá börnum frá 3 mánaða til allt að 18 ára aldri, sem eru að skipta úr meðferð með öðru lyfi sem örvar rauðkornamyndun (ESA-lyfi) eftir að blóðrauðamagn hjá þeim varð stöðugt við meðferð með fyrra ESA-lyfi (sjá kafla 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Hefja á meðferð undir eftirliti sérfræðings með reynslu af meðhöndlun sjúklinga með skerta nýrnastarfsemi.

Skammtar

Meðferð við einkennabundnu blóðleysi hjá sjúklingum með langvinnan nýrnasjúkdóm.

Einkenni blóðleysis og afleiðingar þess geta verið breytileg eftir aldri, kyni og heildarálagi sjúkdóms; nauðsynlegt er að læknir meti sjúkdómsframvindu og -ástand hvers sjúklings um sig. Gefa á lyfið annaðhvort undir húð eða í bláæð til að auka blóðrauða í allt að 12 g/dl (7,45 mmól/l). Betra er að gefa lyfið undir húð hjá sjúklingum sem eru ekki í blóðskilun svo forðast megi að stinga í útlægar bláæðar.

Vegna breytileika milli sjúklinga getur komið fyrir að blóðrauðagildi fyrir einstaka sjúkling fari yfir eða undir æskilegt gildi. Aðlaga skal skammta sé um breytileika á blóðrauða að ræða og hafa í huga að markgildi er 10 g/dl (6,21 mmól/l) til 12 g/dl (7,45 mmól/l). Forðast skal viðvarandi blóðrauðagildi yfir 12 g/dl (7,45 mmól/l); leiðbeiningar um skammtaaðlögun, þegar blóðrauðagildi fara yfir 12 g/dl (7,45 mmól/l), má sjá í neðangreindum texta.

Forðast skal hækkun blóðrauða sem nemur meira en 2 g/dl (1,24 mmól/l) hjá fullorðnum sjúklingum og 1 g/dl (0,62 mmól/l) hjá sjúklingum á barnsaldri á fjögurra vikna tímabili. Ef slíkt á sér stað skal aðlaga skammta á viðeigandi hátt.

Fylgjast skal vel með sjúklingum til að tryggja að lægsti samþykkti virki skammtur af lyfinu sé notaður til að halda einkennum blóðleysis nægilega vel í skefjum en halda þó blóðrauðapéttni undir eða við 12 g/dl (7,45 mmól/l).

Gæta skal varúðar við aukningu skammta af lyfinu hjá sjúklingum með langvinna nýrnabilun. Hjá sjúklingum með lélega blóðrauðasvörun eftir meðferð með lyfinu á að íhuga aðrar skýringar fyrir lélegri svörun (sjá kafla 4.4 og 5.1).

Ráðlagt er að fylgjast með blóðrauða á tveggja vikna fresti þar til jafnvægi er náð og reglulega eftir það (sjá kafla 4.4).

Fullorðnir sjúklingar sem ekki er verið að meðhöndla með lyfi sem örvar rauðkornamyndun (ESA):

Til þess að auka blóðrauða í meira en 10 g/dl (6,21 mmól/l) er ráðlagður upphafsskammtur hjá sjúklingum sem ekki eru í himnuskilun 1,2 mÍkrógrömm/kg líkamsþyngdar, gefinn einu sinni í mánuði sem ein innspýting undir húð.

Annar kostur er upphafsskammtur 0,6 mÍkrógrömm/kg líkamsþyngdar, gefinn á tveggja vikna fresti sem ein innspýting í bláæð eða undir húð hjá sjúklingum í himnuskilun eða ekki í himnuskilun.

Auka má skammt um því sem næst 25% af fyrri skammti ef aukning blóðrauða er minni en 1,0 g/dl (0,621 mmól/l) á mánuði. Auka má skammt enn frekar sem nemur um 25% með mánaðar millibili þar til æskilegu blóðrauðagildi hvers og eins er náð.

Ef blóðrauði eykst um meira en 2 g/dl (1,24 mmól/l) á einum mánuði eða ef blóðrauðagildi er að aukast og nálgast 12 g/dl (7,45 mmól/l), á að minnka skammtinn um því sem næst 25%. Ef blóðrauðagildi heldur áfram að aukast, á að rjúfa meðferð þar til blóðrauðagildi fer að minnka og þá á að hefja meðferð aftur með um 25% lægri skammti en áður. Eftir að skammtur hefur verið rofinn má búast við minnkun blóðrauða um u.þ.b. 0,35 g/dl (0,22 mmól/l) á viku. Ekki á að aðlaga skammta oftari en einu sinni í mánuði.

Sjúklingar sem fá meðferð á tveggja vikna fresti og hafa blóðrauðapéttni yfir 10 g/dl (6,21 mmól/l) mega fá metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta einu sinni á mánuði og nota skammt sem er tvöfalt stærri en fyrri skammtur sem gefinn var á tveggja vikna fresti.

Fullorðnir sjúklingar sem verið er að meðhöndla með ESA:

Hjá sjúklingum sem verið er að meðhöndla með ESA má skipta yfir á metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta sem gefið er einu sinni í mánuði með einni innspýtingu í bláæð eða undir húð. Upphafsskammtur metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta byggist á útreiknuðum fyrrverandi vikulegum skammti af darbepóetíni alfa eða epóetíni eins og hann var þegar skiptin urðu eins og lýst er í töflu 1. Fyrsta innspýtingin á að fara fram þegar gefa hefði átt næsta áætlaðan skammt af því darbepóetíni alfa eða epóetíni sem áður var gefið.

Tafla 1: Upphafsskammtar metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta handa fullorðnum sjúklingum sem verið er að meðhöndla með ESA

Fyrri vikuskammtur darbepóetín alfa í bláæð eða undir húð (mÍkrógrömm/viku)	Fyrri vikuskammtur epóetíns í bláæð eða undir húð (a.e./viku)	Mánaðarskammtur metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta í bláæð eða undir húð (mÍkrógrömm/einu sinni í mánuði)
<40	<8000	120
40-80	8000-16000	200
>80	>16000	360

Ef þörf er á skammtaaðlögun til að halda æskilegri blóðrauðapéttni yfir 10 g/dl (6,21 mmól/l) má auka mánaðarskammtinn um því sem næst 25%.

Ef blóðrauði eykst um meira en 2 g/dl (1,24 mmól/l) á mánuði eða ef blóðrauðagildi er að aukast og nálgast 12 g/dl (7,45 mmól/l), á að minnka skammtinn um því sem næst 25%. Ef blóðrauðagildi heldur áfram að aukast, á að rjúfa meðferð þar til blóðrauðagildi fer að minnka og þá á að hefja meðferð aftur með um 25% lægri skammti en áður. Eftir að skammtur hefur verið rofinn má búast við minnkun blóðrauða um u.þ.b. 0,35 g/dl (0,22 mmól/l) á viku. Ekki á að aðlaga skammta oftari en einu sinni í mánuði.

Þar sem reynsla af meðferð hjá sjúklingum sem fá himnuskilun er takmörkuð er ráðlagt að fylgjast reglulega með blóðrauða og fylgja nákvæmlega skammtaaðlögun sem ráðlögð er hjá þessum sjúklingum.

Sjúklingar á barnsaldri, frá 3 mánaða til allt að 18 ára, sem verið er að meðhöndla með ESA:

Hjá sjúklingum á barnsaldri þar sem blóðrauðagildi eru orðin stöðug á meðferð með ESA-lyfi má skipta yfir á metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta sem gefið er á 4 vikna fresti með inndælingu í bláæð eða undir húð, alltaf með sömu íkomuleið. Upphafsskammtur metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta er reiknaður út frá vikulegum heildarskammti af ESA-lyfi eins og hann var þegar skiptin urðu (tafla 2).

Tafla 2. Upphafsskammtar metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta handa sjúklingum á barnsaldri, frá 3 mánaða til allt að 18 ára, sem fá ESA-lyf

Fyrri vikulegir skammtar af darbepóetíni alfa (míkrógrömm/viku)	Fyrri vikulegir skammtar af epóetíni (a.e./viku)	Skammtur af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta á 4 vikna fresti (míkrógrömm)
9 - <12	2.000 - <2.700	30
12 - <15	2.700 - <3.500	50
15 - <24	3.500 - 5.500	75
24 - <30	5.500 - <6.500	100
30 - <35	6.500 - <8.000	120
35 - <47	8.000 - <10.000	150
47 - <60	10.000 - <13.000	200
60 - <90	13.000 - <20.000	250
≥90	≥20.000	360

Áfylltar sprautur eru ekki ætlaðar til að gefa hlutaskammta. Vegna þess hvaða styrkleikar eru tiltækir í áfylltum sprautum ætti ekki að skipta börnum sem fá skammta af ESA-lyfi sem nema <9 míkrógrömmum/viku (darbepóetín alfa) eða <2.000 a.e./viku af epóetíni yfir á metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta.

Ef þörf er á skammtaaðlögun til að halda æskilegri blóðrauðapéttni yfir 10 g/dl má auka skammtinn sem gefinn er á 4 vikna fresti um því sem næst 25%.

Ef blóðrauði eykst um meira en 1 g/dl (0,62 mmól/l) á 4 vikum eða ef blóðrauðagildi er að aukast og nálgast 12 g/dl (7,45 mmól/l), á að minnka skammtinn af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta um því sem næst 25%.

Ef blóðrauðagildi heldur áfram að hækka eftir að skammtur hefur verið minnkaður á að rjúfa meðferð þar til blóðrauðagildi fer að lækka og þá á að hefja meðferð aftur með um 25% lægri skammti en áður.

Ekki á að breyta skömmtum oftar en einu sinni á 4 vikna fresti.

Meðferðarrof

Venjulega er meðferð langvarandi. Þó má rjúfa hana hvenær sem er ef þurfa þykir.

Ef skammtur gleymist

Ef einn skammtur af lyfinu gleymist á að gefa skammtinn sem gleymdist eins fljótt og auðið er og hefja gjöf lyfsins að nýju með þeirri skammtatíðni sem mælt er fyrir um.

Börn

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta hjá börnum yngri en 3 mánaða. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Sérstakir sjúklingahópar

Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi

Ekki þarf að breyta upphafsskammti eða aðlögunarreglum á skammti hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 5.2).

Aldraðir

Í klínískum rannsóknum voru 24% sjúklinga sem fengu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta 65 til 74 ára, en 20% voru 75 ára og eldri. Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá sjúklingum 65 ára og eldri.

Lyfjagjöf

Gefa á lyfið undir húð eða í bláæð. Gefa má lyfið undir húð á kvið, handlegg eða læri. Allir þrír stungustaðirnir henta jafnvel. Sjá leiðbeiningar um lyfjagjöf í kafla 6.6.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum sem talin eru upp í kafla 6.1.

Ómeðhöndlaður háþrýstingur.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun meðferðar með metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta við öðrum ábendingum, þ.m.t. blóðleysi hjá sjúklingum með krabbamein.

Gæta skal varúðar við aukningu skammta af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta hjá sjúklingum með langvinna nýrnabilun, þar sem uppsöfnun stórra skammta af epóetínunum getur tengst aukinni hættu á dauðsföllum, alvarlegum meintilvikum í hjarta- og æðakerfi og heilaæðum. Hjá sjúklingum með lélega blóðrauðasvörun við meðferð með epóetínunum á að íhuga aðrar skýringar á lélegri svörun (sjá kafla 4.2 og 5.1).

Börn

Meta skal sjúklinga á barnsaldri, einkum börn <1 árs, vandlega áður en skipt er yfir úr meðferð með öðru ESA-lyfi og blóðrauðagildi þurfa að vera orðin stöðug áður en skipt er um meðferð. Eftir að skipt er um ESA-lyf er ráðlagt að mæla blóðrauða á 4 vikna fresti.

Ef sjúklingur er að fá skammta sem nema <9 míkrogrömmum/viku af darbepóetíni alfa eða <2.000 a.e./viku af epóetíni, á ekki að skipta yfir í meðferð með metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta, þar sem minnsti styrkleiki sem fánlegur er í áfylltri sprautu er 30 míkrogrömm. Ekki er ráðlagt að gefa hlutaskammta með áfylltum sprautum.

Uppbótarmeðferð með járni er ráðlögð öllum sjúklingum með ferrítínugildi í sermi undir 100 míkrogrömmum/l eða með transferrínmettun undir 20%. Til að tryggja árangursríka blóðkornamyndun þarf að meta stöðu járns hjá öllum sjúklingum fyrir meðferð og meðan á henni stendur.

Ef svörun verður ekki við meðferð kallar það á tafarlausa leit að ástæðum. Skortur á járni, fólínsýru eða B12-vítamíni dregur úr virkni ESA-lyfja og skal því leiðrétt. Tilfallandi sýkingar, bólgur eða áverkar, dulinn blóðmissir, blóðrauðalos, alvarleg eitursýking, undirliggjandi blóðsjúkdómar eða beinmergsnetjuhershli geta einnig ógnað rauðkornamyndun. Íhuga á netfrumnatalningu sem lið í matinu. Ef búið er að útiloka öll þessi atriði og sjúklingurinn lækkar skyndilega í blóðrauða í tengslum við netfrumnafæð og and-erýtrópóietín mótefni, á að íhuga skoðun á beinmergi sem lið í greiningunni á hreinum rauðkornabresti (PRCA, Pure Red Cell Aplasia). Ef hreinn rauðkornabrestur greinist, verður að stöðva meðferð með lyfinu og sjúklingar eiga ekki að skipta yfir í annað ESA lyf.

Tilkynnt hefur verið um hreinan rauðkornabrest (PRCA) af völdum and-erýtrópóietín mótefna í tengslum við öll ESA lyf, þar með talið metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta. Sýnt hefur verið fram á að þessi mótefni víxlverka við öll ESA lyf og sjúklingar sem grunur leikur á eða staðfest er að séu með mótefni fyrir erýtrópóietíni eiga ekki að skipta yfir á metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta (sjá kafla 4.8).

Hreinn rauðkornabrestur hjá sjúklingum með lifrabólgu C: Mótsagnarkennd lækun á blóðrauða og þróun alvarlegs blóðleysis með lágum netfrumnagildum eiga að knýja á um að meðferð með epóetíni sé stöðvuð og að gerð sé and-erýtrópóietín mótefna prófun. Tilkynnt hefur verið um tilvik hjá sjúklingum með lifrabólgu C sem fengið hafa interferón og ríbavírín, þegar epóetín eru notuð samhliða. Epóetín eru ekki samþykkt til meðferðar á blóðleysi í tengslum við lifrabólgu C.

Eftirlit með blóðþrýstingi: Eins og við á um önnur ESA lyf getur blóðþrýstingur hækkað meðan á meðferð með metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta stendur. Fylgjast á vel með blóðþrýstingi hjá öllum sjúklingum fyrir meðferð með metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta, þegar meðferðin hefst og meðan á henni stendur. Ef erfitt er að halda háþrýstingi í skefjum með lyfjameðferð eða sérfaði, verður að minnka skammtinn eða fresta því að gefa hann (sjá kafla 4.2).

Í tengslum við epóetín meðferð hefur verið tilkynnt um alvarleg húðviðbrögð (SCARs), sem geta verið lífshættuleg eða banvæn, þ.m.t. Stevens-Johnson heilkenni og eitrunardreplos í húðþekju (sjá kafla 4.8). Alvarlegri tilvik hafa sést með langvirkum epóetínum. Við ávísun lyfsins skulu sjúklingar upplýstir um þessi merki og einkenni og fylgjast skal náið með þeim m.t.t. húðviðbragða. Komi merki og einkenni í ljós, sem benda til þessara viðbragða, skal hætta notkun metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta strax og íhuga aðra meðferð. Hafi sjúklingurinn fengið alvarleg húðviðbrögð svo sem Stevens-Johnson heilkenni eða eitrunardreplos í húðþekju vegna notkunar metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta má hann aldrei nota lyfið aftur.

Blóðrauðapéttni: Hjá sjúklingum með langvinnan nýrnasjúkdóm á viðhaldspéttni blóðrauða ekki að fara yfir efri mörk æskilegrar blóðrauðapéttni sem mælt er með í kafla 4.2. Í klínískum rannsóknum varð vart við aukna dánartíðni og aukna hættu á alvarlegum hjarta- og æðasjúkdómum þar með talin segamyndun eða heilaæðaáföllum þar með talið slag, þegar ESA lyf voru gefin til að reyna að fá fram blóðrauðagildi hærra en 12 g/dl (7,5 mmól/l) (sjá kafla 4.8).

Klínískar samburðarrannsóknir hafa ekki sýnt marktækan ávinning sem rekja má til epóetínjafar þegar blóðrauðapéttni er komin yfir þau gildi sem þarf til að halda einkennum blóðleysis í skefjum og koma í veg fyrir blóðgjöf.

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun meðferðar hjá sjúklingum með blóðrauðakvilla, krampaflog, blæðingu eða nýlega sögu um blæðingu sem kallaði á blóðgjafir eða blóðflagnagildi yfir $500 \times 10^9/l$. Því skal gæta varúðar hjá slíkum sjúklingum.

Áhrif á æxlisvöxt: Eins og önnur ESA lyf er metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta vaxtaþáttur sem örvar fyrst og fremst myndun rauðra blóðkorna. Erýtrópóietín viðtakar geta verið á yfirborði ýmissa æxlisfrumna. Eins og við á um alla vaxtarþætti er það áhyggjuefni að ESA lyf geti örvað vöxt hvers kyns illkynja sjúkdóma. Í tveimur klínískum samburðarrannsóknum þar sem epóetín voru gefin sjúklingum með ýmsar gerðir krabbameins, að meðtöldu krabbameini í höfði og hálsi og brjóstakrabba, hefur verið sýnt fram á hækkaða dánartíðni sem ekki hafa fengist skýringar á.

Misnotkun heilbrigðs fólks á metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta getur valdið frekari aukningu á blóðrauða. Í tengslum við hana geta komið fram lífshættulegir fylgikvillar í hjarta og æðum.

Rekjanleiki: Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti..

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól af natríum (23 mg) í hverjum ml, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á milliverkunum. Engin vísbending er fyrir því að metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta breyti umbroti annarra lyfja.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um notkun metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta á meðgöngu. Dýrarannsóknir benda ekki til beinna skaðlegra áhrifa á meðgöngu, fósturvísi-/fósturþroska, fæðingu eða þroska eftir fæðingu, en gefa til kynna afturkræfa minnkun á fósturþyngd sem er tengd tegundum (sjá kafla 5.3). Gæta skal varúðar þegar lyfinu er ávísað þunguðum konum.

Brjóstagjöf

Ekki er vitað hvort metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta skilst út í brjóstamjólk. Í einni dýrarannsókn var sýnt fram á seytingu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta í móðurmjólk. Ákvörðun um hvort halda eigi brjóstagjöf áfram eða stöðva hana eða hvort halda eigi meðferð með metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta áfram eða stöðva hana á að taka að teknu tilliti til ávinnings barnsins af brjóstagjöf og ávinnings móður af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta meðferð.

Frjósemi

Dýrarannsóknir hafa ekki sýnt vísbendingar um skerta frjósemi (sjá kafla 5.3). Hugsanleg áhætta fyrir menn er ekki þekkt.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

(a) Samantekt öryggisupplýsinga

Öryggisgagnagrunnur úr klínískum rannsóknum náði til 3.042 fullorðinna sjúklinga með langvarandi nýrnasjúkdóm, þar af voru 1.939 fullorðnir sjúklingar sem fengu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta og 1.103 sem fengu annað ESA lyf. Búið er við að um 6% fullorðinna sjúklinga sem fá metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta finni fyrir aukaverkunum. Algengasta aukaverkunin sem tilkynnt var um var háþrýstingur (algengur).

(b) Tafla yfir aukaverkanir

Aukaverkanir eru taldar upp í töflu 3 samkvæmt MedDRA líffæraflokkum og tíðniflokkum. Eftirtaldir tíðniflokkar eru notaðir:

Mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$); tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum).

Tafla 3: Aukaverkanir sem rekja má til meðferðar með metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta hjá fullorðnum sjúklingum með langvinnan nýrnasjúkdóm. Aukaverkanir sem aðeins komu fram eftir markaðssetningu lyfsins eru merktar (*).

Líffæraflokkur	Tíðni	Aukaverkun
Blóð og eitlar	Sjaldgæfar	Blóðflagnafæð*
	Tíðni ekki þekkt	Hreinn rauðkornabrestur (pure red cell aplasia, PRCA)*
Ónæmiskerfi	Mjög sjaldgæfar	Ofnæmi
	Tíðni ekki þekkt	Bráðafnæmisviðbrögð*
Taugakerfi	Sjaldgæfar	Höfuðverkur
	Mjög sjaldgæfar	Háþrýstingsheilakvilli
Æðar	Algengar	Háþrýstingur
	Sjaldgæfar	Segamyndun*
	Mjög sjaldgæfar	Hitasteypur
	Mjög sjaldgæfar	Lungnasegarek*
Húð og undirhúð	Mjög sjaldgæfar	Útbrot með dröfnuörðum
	Tíðni ekki þekkt	Stevens-Johnson heilkenni / eitrunardreplos húðþekju*
Áverkar og eitranir	Sjaldgæfar	Segamyndun í aðkomuæð

(c) Lýsing valinna aukaverkana

Fullorðnir sjúklingar

Tilkynnt hefur verið um tilvik blóðflagnafæðar eftir markaðssetningu lyfsins. Í klínískum rannsóknum varð vart við lítils háttar fækkun á blóðflögum sem þó var innan eðlilegra marka.

Vart varð við blóðflagnafjölda undir $100 \times 10^9/l$ hjá 7% fullorðinna sjúklinga sem fengu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta og 4% fullorðinna sjúklinga sem fengu önnur ESA lyf. Í rannsókn á öryggi lyfsins við langtímaútsetningu í allt að 8,4 ár, sem gerð var eftir að lyfið fékk markaðsleyfi, var upphaflegur blóðflagnafjöldi undir $100 \times 10^9/l$ hjá 2,1% fullorðinna sjúklinga sem fengu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta og 2,4% fullorðinna sjúklinga sem fengu önnur ESA lyf. Meðan á rannsókninni stóð sást árlega blóðflagnafjöldi undir $100 \times 10^9/l$ hjá 1,5% til 3,0% fullorðinna sjúklinga sem fengu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta og 1,6% til 2,5% fullorðinna sjúklinga sem fengu önnur ESA lyf.

Í gögnum úr klínískri samanburðarrannsókn á epóetín alfa eða darbepóetín alfa kemur fram að slag var algengt. Rannsókn á öryggi lyfsins, sem gerð var eftir að lyfið fékk markaðsleyfi, sýndi svipaða tíðni slags hjá sjúklingum sem fengu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta (6,3%) og sjúklingum sem fengu önnur ESA lyf til samanburðar (epóetín alfa, darbepóetín alfa og epóetín beta) (7%).

Eins og fyrir önnur ESA lyf hefur verið tilkynnt um segamyndunartilfelli, þar með talið lungnablóðrek, eftir markaðssetningu (sjá kafla 4.4).

Tilkynnt hefur verið um hreinan rauðkornabrest (PRCA) af völdum hlutleysandi and-erýtrópóetín mótefna, tíðni ekki þekkt. Ef hreinn rauðkornabrestur greinist verður að hætta metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta meðferð og ekki á að setja sjúklinga á annað erýtrópóetín prótein framleitt með samrunaerfðatækni (sjá kafla 4.4).

Sjúklingar á barnsaldri

Í tveimur rannsóknum hjá sjúklingum á barnsaldri var rannsóknarþýðið alls 104 sjúklingar og voru 12 þeirra yngri en 5 ára, 36 voru 5 til 11 ára og 56 voru 12 til 17 ára. Öryggissnið metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta hjá sjúklingum á barnsaldri sem teknir voru inn í þessar tvær rannsóknir var í heild í samræmi við þekkt öryggissnið hjá fullorðnum, byggt á lítilli útsetningu sjúklinga í þessum rannsóknum (sjá kafla 5.1).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Meðferðarsvið metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta er breitt. Taka verður tillit til einstaklingsbundinnar svörunar við upphaf meðferðar. Ofskömmtnun getur valdið því að fram koma ýkt lyfhrif, t.d. of mikil myndun rauðra blóðkorna. Ef blóðrauðagildi eru of há á að fresta gjöf metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta tímabundið (sjá kafla 4.2). Ef klínísk ástæða er til er hægt að taka sjúklingnum blóð (phlebotomy).

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Önnur blóðskortslyf, ATC flokkur: B03XA03

Verkunarháttur

Metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta örvar myndun rauðra blóðkorna með milliverkun við erytrópóietínviðtakann á stofnfrumum í beinmerg. Metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta, virka innihaldsefnið í MIRCERA, er samfelldur erytrópóietín viðtakaörvi (CERA, Continuous Erythropoietin Receptor Activators) sem sýnir frábrugðna virkni við viðtakann sem einkennist af hægari tengslum við og hraðari klofnun frá viðtakanum, minni sértækri virkni *in vitro* með aukinni virkni *in vivo*, sem og hækkuðum helmingunartíma samanborið við erytrópóietín. Meðalmólpunginn er um 60 kda og af því nemur próteinhlutinn ásamt kolvetnishlutunum um 30 kda.

Lyfhrif

Sem aðalvaxtarþáttur rauðkornapróunar myndast náttúrulega hormónið erytrópóietín í nýrum og berst inn í blóðrásina sem svar við vefildisskort. Sem svar við vefildisskort milliverkar náttúrulega hormónið erytrópóietín við stofnfrumur rauðkorna þannig að aukning verður á rauðkornamyndun.

Klínísk verkun og öryggi

Fullorðnir

Upplýsingar úr meðferðarrannsóknnum hjá sjúklingum sem fengu meðferð á tveggja vikna fresti og á fjögurra vikna fresti sýna að blóðrauða svörunarhlutfall í metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta hópnum við lok leiðréttingartímabilsins var hátt og sambærilegt við samanburðarhóp. Miðgildistími fram að svörun var 43 dagar hjá metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta hópnum og 29 dagar í samanburðarhópnum og hækkuðu blóðrauðagildi á fyrstu 6 vikunum um 0,2 g/dl/viku og 0,3 g/dl/viku, hjá hvorum hóp um sig.

Fjórar slembiraðaðar samanburðarrannsóknir voru gerðar á sjúklingum í himnuskilun sem voru meðhöndlaðir með darbepóetín alfa eða epóetíni þegar þeir voru teknir inn í rannsóknirnar. Sjúklingar voru valdir af handahófi til að halda áfram á þeirri meðferð sem þeir voru á eða skipta yfir í metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta til að viðhalda stöðugum blóðrauðagildum. Þegar staðan var metin (í 29.-36. viku) var meðal- og miðgildisþéttni blóðrauða hjá sjúklingum sem fengu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta að heita má sú sama og blóðrauðagildi þeirra í upphafi rannsókna.

Í slembiraðaðri, tvíblindri samanburðarrannsókn við lyfleysu, sem gerð var á 4.038 sjúklingum með langvinna nýrnabilun, sem ekki voru í skilun, með sykursýki af tegund 2 og blóðrauðapéttni ≤ 11 g/dl, fengu sjúklingar annaðhvort darbepóetín alfa sem þurfti til að ná markþéttni blóðrauða (13 g/dl) eða

lyfleysu (sjá kafla 4.4). Aðalmarkmið rannsóknarinnar náðust ekki, en þau voru að sýna fram á minnkaða hættu á dauðsföllum af öllum orsökum, minnkaða hættu á hjarta- og æðasjúkdómum og minnkaða hættu á lokastigsnýrnabilun (end stage renal disease). Greining einstakra þátta þessarar samsettu mælibreytu sýndu eftirfarandi áhættuhlutfall (95% öryggismörk): dauðsfall 1,05 (0,92; 1,21), slag 1,92 (1,38; 2,68), hjartabilun 0,89 (0,74; 1,08), hjartadrep 0,96 (0,75; 1,23), sjúkrahúsinnlögn vegna blóðþurrðarhjärtadreps 0,84 (0,55; 1,27), lokastigsnýrnabilun 1,02 (0,87; 1,18).

Samantektargreiningar á klínískum rannsóknum á ESA-lyfjum hjá sjúklingum með langvinna nýrnabilun (í skilun, ekki í skilun, með eða án sykursýki) hafa verið gerðar eftir á. Í ljós kom tilhneiging til aukinnar áætlaðrar hættu á dauðsföllum af öllum orsökum, og meintilvikum frá hjarta- og æðakerfi og heilaæðum í tengslum við aukna uppsöfnun skammta af ESA-lyfjum, óháð tengslum við sykursýki eða skilunarmeðferð (sjá kafla 4.2 og 4.4).

Erýtrópóietín er vaxtaþáttur sem örvar aðallega myndun rauðra blóðkorna. Erýtrópóietín viðtakar geta verið á yfirborði ýmissa æxlisfrumna.

Lifun og æxlisvöxtur var metinn í fimm stórum samanburðarrannsóknum sem tóku til 2.833 sjúklinga. Fjórar af rannsóknunum voru tvíblindar samanburðarrannsóknir með lyfleysu og ein var opin rannsókn. Tvær af rannsóknunum tóku til sjúklingahópa sem voru í krabbameinslyfjameðferð. Í tveimur rannsóknum var miðað við að ná blóðrauðapéttni > 13 g/dl; í hinum þremur rannsóknunum var markgildi 12-14 g/dl. Í opnu rannsókninni sást enginn munur á heildarlifun milli sjúklinga sem meðhöndlaðir voru með raðbrigða erýtrópóietín úr mönnum og viðmiðunarhóps. Í fjórum samanburðarrannsóknunum við lyfleysu var áhættuhlutfall heildarlifunar á bilinu 1,25 til 2,47, viðmiðunarhópnum í hag. Þessar rannsóknir hafa sýnt fram á með tölfræðilega marktækum hætti að það er óútskýranleg hækkun á dánartíðni hjá þeim sjúklingum með blóðleysi í tengslum við ýmsa algenga krabbameinssjúkdóma sem fengu raðbrigða erýtrópóietín úr mönnum samanborið við viðmiðunarhóp. Munur á tíðni segamyndunnar og tengdra fylgikvilla hjá þeim sem fengu raðbrigða erýtrópóietín úr mönnum og þeim sem voru í viðmiðunarhóp skýrði ekki niðurstöður um heildarlifun í rannsóknunum á viðhlítandi hátt.

Einnig hefur verið gerð greining á gögnum á sjúklingastigi á yfir 13.900 krabbameinssjúklingum (í lyfja-, geisla-, lyfja- og geislameðferð eða engri meðferð) sem þátt tóku í 53 klínískum samanburðarrannsóknum þar sem nokkur epóetín komu við sögu. Safngreining á upplýsingum um heildarlifun leiddi í ljós að áætlað áhættuhlutfall var 1,06, samanburðarhópum í vil (95% öryggisbil: 1,00; 1,12; 53 rannsóknir og 13.933 sjúklingar) og hjá þeim krabbameinssjúklingum sem fengu krabbameinslyfjameðferð var áhættuhlutfall heildarlifunar 1,04 (95% öryggisbil: 0,97; 1,11; 38 rannsóknir og 10.441 sjúklingur). Safngreiningar benda einnig stöðugt til marktækt aukinnar hlutfallslegrar áhættu á segareki hjá krabbameinssjúklingum sem fengu raðbrigða erýtrópóietín úr mönnum (sjá kafla 4.4). Þessi greining á upplýsingum tók ekki til neinna sjúklinga í meðferð með metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta.

Metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta er ekki samþykkt til meðferðar hjá sjúklingum með blóðleysi af völdum krabbameinslyfjameðferðar (sjá kafla 4.1 og 4.4).

Börn

Tvær rannsóknir hafa verið gerðar hjá sjúklingum á barnsaldri. Í annarri rannsókninni var metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta gefið í bláæð (i.v.) en í hinnar undir húð (s.c.).

Rannsóknin þar sem lyfið var gefið í bláæð var opin, fjölsetra, fjölskammta II. stigs rannsókn, sem gerð var til að ákvarða skammtastærð og þar sem allir fengu sömu meðferð (NH19707) var framkvæmd hjá 64 sjúklingum á barnsaldri (á aldrinum 5 til 17 ára) með langvinnan nýrnasjúkdóm, sem gengust undir blóðskilun, til að meta tvo umreiknistuðla (hópur 1 og hópur 2) til að skipta úr viðhaldsmeðferð epóetín alfa/beta eða darbepóetín alfa í bláæð yfir á metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta gefið í bláæð einu sinni á 4 vikna fresti í 20 vikur. Verkun var metin á grundvelli breytinga á blóðrauðagildum (g/dl) frá upphafi rannsóknarinnar fram að matstímabilinu. Aðlöguð meðalbreyting blóðrauðagilda frá upphafi rannsóknarinnar fram að matstímabilinu í hópi 1 var -0,74 g/dl [95%

öryggismörk -1,32 til -0,16] og í hópi 2 var það -0,09 g/dl [95% öryggismörk -0,45 til 0,26]. Hjá 58% sjúklinga í hópi 1 og 75% sjúklinga í hópi 2 hélust blóðrauðagildi innan ± 1 g/dl frá upphafsgildi og hjá 75% sjúklinga í hópi 1 og 81% sjúklinga í hópi 2 hélust blóðrauðagildi innan 10-12 g/dl. Greining á undirhópum eftir aldri (5-11 ára og 12-17 ára) var í samræmi við það sem sást í heildarþýðinu. Sjúklingar sem luku 20 vikna grunnmeðferð og héldu blóðrauðagildum viðunandi stöðugum voru gjaldgengir til að taka þátt í 52 vikna valfrjálsri framhaldsrannsókn til mats á öryggi, með sömu skammtatíðni.

Rannsóknin þar sem lyfið var gefið undir húð var opin, fjölsetra II. stigs rannsókn, sem gerð var til að ákvarða skammtastærð og þar sem allir fengu sömu meðferð (NH19708) var framkvæmd hjá 40 sjúklingum á barnsaldri (á aldrinum 3 mánaða til 17 ára) með langvinnan nýrnasjúkdóm, sem gengust undir skilun eða höfðu ekki enn hafið skilunarmeðferð, til að meta umreiknistuðlana notuðum í hópi 2 í rannsókninni fyrir gjöf í bláæð til að skipta úr viðhaldsmeðferð epóetín alfa/beta eða darbepóetín alfa undir húð yfir á metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta gefið undir húð einu sinni á 4 vikna fresti í 20 vikur. Einnig í þessari rannsókn var aðalmælibreyta fyrir verkun breyting á blóðrauðagildum (g/dl) frá upphafi rannsóknarinnar fram að matstímabilinu. Meðalbreyting blóðrauðagilda á matstímabilinu var 0,48 g/dl [95% öryggismörk 0,15 til 0,82], sem var innan jafngildismarkanna -1 til +1 g/dl. Niðurstöður varðandi meðalbreytingu á blóðrauðagildum eftir aldurshópum (<5 ára, 5-11 ára, ≥ 12 ára) voru í samræmi við niðurstöður varðandi aðalmælibreytuna á matstímabilinu. Sjúklingar sem luku 20 vikna grunnmeðferð og héldu blóðrauðagildum viðunandi stöðugum voru gjaldgengir til að taka þátt í 24 vikna valfrjálsri framhaldsrannsókn til mats á öryggi, með sömu skammtatíðni.

Í báðum rannsóknunum hélst meðalblóðrauðagildi milli 10 og 12 g/dl á öllu matstímabilinu og framlengingartímabili til mats á öryggi hjá meirihluta sjúklinga. Öryggissnið hjá börnum í báðum rannsóknunum var í samræmi við hjá fullorðnum (sjá kafla 4.8).

5.2 Lyfjahvörf

Fullorðnir

Lyfjahvörf metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta voru rannsökuð hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum og hjá sjúklingum með blóðleysi sem voru með langvarandi nýrnasjúkdóm, bæði sjúklingum í himnuskilun og þeim sem voru ekki í himnuskilun.

Eftir að sjúklingar með langvinnan nýrnasjúkdóm sem voru ekki í himnuskilun höfðu fengið gjöf undir húð, mældist hámarksþéttni metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta í sermi 95 klukkustundum (miðgildi) eftir gjöf. Aðgengi metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta eftir gjöf undir húð var 54%. Lokahelmingunartími brotthvarfs mældist 142 klukkustundir hjá sjúklingum með langvinnan nýrnasjúkdóm sem voru ekki í himnuskilun.

Eftir að sjúklingar með langvinnan nýrnasjúkdóm sem voru í himnuskilun höfðu fengið gjöf undir húð, mældist hámarksþéttni metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta í sermi 72 klukkustundum (miðgildi) eftir gjöf. Aðgengi metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta eftir gjöf undir húð var 62% og lokahelmingunartími brotthvarfs mældist 139 klukkustundir hjá sjúklingum með langvinnan nýrnasjúkdóm sem voru í himnuskilun.

Eftir að sjúklingar með langvinnan nýrnasjúkdóm sem voru í himnuskilun höfðu fengið gjöf í bláæð var heildarúthreinsun í líkamanum 0,494 ml/klst. á hvert kg. Lokahelmingunartími brotthvarfs eftir gjöf metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta í bláæð er 134 klukkustundir.

Samanburður á sermiþéttni metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta fyrir og eftir blóðskilun hjá 41 sjúklingi með langvinnan nýrnasjúkdóm leiddi í ljós að blóðskilun hefur engin áhrif á lyfjahvörf þessa lyfs.

Greining á 126 sjúklingum með langvinnan nýrnasjúkdóm sýndi engan mun á lyfjahvörfum milli sjúklinga í himnuskilun og sjúklinga sem voru ekki í himnuskilun.

Í stakskammta rannsókn, eftir gjöf í bláæð, eru lyfjahvörf metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta svipuð hjá sjúklingum með alvarlega skerta lifrarstarfsemi samanborið við heilbrigða einstaklinga (sjá kafla 4.2).

Börn

Þýðisgreining á lyfjahvörfum var gerð á gögnum frá 103 sjúklingum á barnsaldri, 6 mánaða til 17 ára, með líkamsþyngd á bilinu 7 til 90 kg, og 524 fullorðnum sjúklingum. Sjúklingar á barnsaldri fengu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta í bláæð (allir gengust undir blóðskilun) eða undir húð (gengust undir kviðskilun, blóðskilun eða höfðu ekki hafið skilunarmeðferð). Úthreinsun og dreifingarrúmmál jukust með líkamsþyngd og dreifingarrúmmál jókst með aldri. Hámarks- og lágmarksgildi þéttni metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta sem sást í sermi hjá sjúklingum á barnsaldri, í sýnum sem tekin voru þegar blóðrauðagildi voru orðin stöðug, voru sambærileg við það sem sást hjá fullorðnum, bæði við gjöf í bláæð og undir húð.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Aðrar upplýsingar en klínískar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, byggt á hefðbundnum rannsóknum á lyfjafræðilegu öryggi fyrir hjarta og æðar, eiturverkunum eftir endurtekna skammta og eiturverkunum á æxlun.

Krabbameinsvaldandi áhrif metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta hafa ekki verið metin í langtímarannsóknum á dýrum. Lyfið olli ekki frumuskiptandi svörun *in vitro* í æxlisfrumulínum sem voru ekki í blóðmyndunarfærum. Í sex mánaða rannsókn á eituráhrifum í rottum varð hvorki vart við æxlisvaldandi né óvæntar kjarnaskiptandi svaranir í vefjum utan blóðs. Með því að nota vefjasýni úr mönnum varð að auki einungis vart við *in vitro* bindingu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta í markfrumum (stofnfrumum í beinmerg).

Ekki varð vart við marktæka færslu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta yfir fylgjuþröskuld hjá rottum og í rannsóknum á dýrum hefur ekki verið sýnt fram á skaðleg áhrif á meðgöngu, þroska fósturvísa/fóstra, burð eða þroska eftir burð. Þó kom fram afturkræf minnkuð fósturþyngd sem var tengd tegundum og minnkuð þyngdaraukning afkvæma eftir burð við skammta sem ollu óeðlilegum lyfhrifaáhrifum hjá móðurdýrum. Það hafði ekki áhrif á líkamlegan, skilvitlegan eða kynferðislegan þroska afkvæma þegar móðurdýr fengu metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta á meðgöngu og meðan á mjólkurgjöf stóð. Þegar metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta var gefið karl- og kvenrottum undir húð fyrir mökun og meðan á henni stóð, hafði það ekki áhrif á æxlunargetu, frjósemi og mælistærðir fyrir sæðismat.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Natríum tvíhýdrógenfosfat einhýdrat
Natríum súlfat
Mannitól (E421)
Metiónín
Póloxamer 188
Vatn fyrir stungulyf

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, þar sem rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymslupól

3 ár

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C – 8°C).

Má ekki frjósa.

Geymið áfylltu sprautuna í ytri öskju til varnar gegn ljósi.

Endanlegur notandi má taka lyfið úr kæli og geyma það við stofuhita, ekki yfir 30°C í eitt skipti í 1 mánuð. Þegar búið er að taka lyfið úr kæli verður að nota það innan þessa tíma.

6.5 Gerð íláts og innihald

Áfyllt sprauta (gler af gerð I) með samlímdum stimpilpúða (brómóbútýl gúmmí) og hlífðarhettu (brómóbútýl gúmmí) og nál 27G1/2.

Áfylltar sprautur 30, 50, 75, 100, 120, 150, 200 og 250 míkrógrömm innihalda 0,3 ml af lausn. Áfyllt sprauta 360 míkrógrömm inniheldur 0,6 ml af lausn.

Áfylltar sprautur 30, 50, 75 míkrógrömm eru fáanlegar í pakkingum með 1 eða 3 áfylltum sprautum.

Áfylltar sprautur 100, 120, 150, 200, 250 og 360 míkrógrömm eru fáanlegar í pakkingum með 1 áfylltri sprautu.

Ekki er víst að allar pakkingastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Áfyllt sprautan er tilbúin til notkunar. Sæfð áfyllt sprautan inniheldur ekki rotvarnarefni og er einungis ætlað til einnar innspýtingar. Ekki á að gefa nema einn skammt úr hverri sprautu. Áfylltar sprautur eru ekki ætlaðar til að gefa hlutaskammta. Aðeins má sprauta lausnum sem eru tærar, litlausar eða aðeins gulleitar og lausar við sjáanlegar agnir.

Hristið ekki.

Látið áfylltu sprautuna ná stofuhita fyrir innspýtingu.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Roche Registration GmbH
Emil-Barell-Strasse 1
79639 Grenzach-Wyhlen
Þýskaland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/07/400/008
EU/1/07/400/009
EU/1/07/400/010
EU/1/07/400/011
EU/1/07/400/012
EU/1/07/400/013
EU/1/07/400/017
EU/1/07/400/020

EU/1/07/400/021
EU/1/07/400/022
EU/1/07/400/023
EU/1/07/400/024

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 20. júlí 2007
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 15. maí 2012

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu/>.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG
FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR
LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG
NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG
VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Roche Diagnostics GmbH
Werk Penzberg
Nonnenwald 2
82377 Penzberg
Þýskaland

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt áfylltra sprauta

Roche Pharma AG
Emil-Barell-Strasse 1
79639 Grenzach-Wyhlen
Þýskaland

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

Ef skil á samantekt um öryggi lyfsins og uppfærsla á áætlun um áhættustjórnun er áætluð á svipuðum tíma má skila þeim saman.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA 50 míkrogramma áfyllt sprautu

1. HEITI LYFS

MIRCERA 50 míkrogrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta

2. VIRK(T) EFNI

Ein áfyllt sprautu inniheldur 50 míkrogrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta.

3. HJÁLPAREFNI

Natríum tvíhýdrógen fosfat mónohýdrat, natríum súlfat, mannítól (E421), metiónín, póloxamer 188 og vatn fyrir stungulyf. Sjá upplýsingar í fylgiseðli.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyf, lausn

Hver pakking inniheldur áfyllta sprautu með 0,3 ml og nál

Hver pakking inniheldur 3 áfylltar sprautur með 0,3 ml og 3 nálar

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar undir húð eða í bláæð

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun

Má ekki hrista

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli

Má ekki frjósa

Geymið áfylltu sprautuna í ytri öskju til varnar gegn ljósi

**10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA
ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Roche Registration GmbH
Emil-Barell-Strasse 1
79639 Grenzach-Wyhlen
Þýskaland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/07/400/008
EU/1/07/400/023

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

Lyfseðilsskylt lyf

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

mircera 50 mcg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

MERKIMIÐI Á 50 míkrogramma ÁFYLLTA SPRAUTU

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

MIRCERA 50 µg/0,3 ml stungulyf
metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta
s.c./i.v.

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

50 míkrogr/0,3 ml

6. ANNÐ

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA 75 míkrogramma áfyllt sprauta

1. HEITI LYFS

MIRCERA 75 míkrogrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta

2. VIRK(T) EFNI

Ein áfyllt sprauta inniheldur 75 míkrogrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta.

3. HJÁLPAREFNI

Natríum tvíhýdrógen fosfat mónohýdrat, natríum súlfat, mannítól (E421), metiónín, póloxamer 188 og vatn fyrir stungulyf. Sjá upplýsingar í fylgiseðli.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyf, lausn

Hver pakking inniheldur áfyllta sprautu með 0,3 ml og nál

Hver pakking inniheldur 3 áfylltar sprautur með 0,3 ml og 3 nálar

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Til notkunar undir húð eða í bláæð

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun

Má ekki hrista

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli

Má ekki frjósa

Geymið áfylltu sprautuna í ytri öskju til varnar gegn ljósi

**10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA
ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Roche Registration GmbH
Emil-Barell-Strasse 1
79639 Grenzach-Wyhlen
Þýskaland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/07/400/009
EU/1/07/400/024

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

Lyfseðilsskylt lyf

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

mircera 75 mcg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

MERKIMIÐI Á 75 míkrogramma ÁFYLLTA SPRAUTU

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

MIRCERA 75 µg/0,3 ml stungulyf
metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta
s.c./i.v.

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

75 míkrogr/0,3 ml

6. ANNAD

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA 100 míkrogramma áfyllt sprauta

1. HEITI LYFS

MIRCERA 100 míkrogrömm/0,3 ml stungulyf, lausn í áfylltri sprautu
metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta

2. VIRK(T) EFNI

Ein áfyllt sprauta inniheldur 100 míkrogrömm af metoxýpólýetýlen glýkól-epóetín beta.

3. HJÁLPAEFNI

